

Málskostnaður stefnanda úr hendi stefndu ákveðst kr. 160.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, bankastjórn Landsbanka Íslands og bankastjórn Seðlabanka Íslands, eiga að vera sýknir af kröfum stefnandans, Sverris H. Magnússonar, í máli þessu að öðru leyti en því, að stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 160.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. desember 1972.

Nr. 160/1972: Sv. B. Rude

gegn

Síldarvinnslunni h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 15. nóvember 1972, sem barst Hæstarétti 1. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 57/1962 frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 1. nóvember 1972, og krafist þess, að hinn kærði dómur verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Mál þetta er ekki þannig vaxið, að skylt hafi verið að stefna því fyrir sjó- og verzlunardóm samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 200 gr. laga nr. 85/1936. Héraðsdómara bar hins veg-

ar að kveðja til sérfróða meðdómendur til að fara með og dæma málið, ef hann taldi þess þörf, sbr. 2. og 3. tl. 1. mgr. 200. gr. nefndra laga.

Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdóm að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. nóvember 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. október s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 25. september s.l., af Sv. B. Rude trésmíðameistara, Nymarksvej 57, Nyborg, Danmörku, gegn Sildarvinnslunni h/f, Neskaupstað, samkvæmt varnarþingsreglu 2. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936 til greiðslu skuldar að fjárhæð, kr. danskar 36.271.68 með 9% ársvöxtum frá 31. janúar 1969 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati bæjarþingsins.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera eftirstöðvar skuldar vegna úttektar á efni til starfsmannahúss stefnda á Neskaupstað og á vinnu við uppsteningu þess húss með dönskum kr. 10.895.58+danskar kr. 4.212.50+danskar kr. 21.163.60, alls danskar kr. 36.271.68. Umrædd viðskipti hafi átt sér stað framhaldandi á tímabilinu frá 15. júní 1966 til 31. janúar 1969. Hafi þau hafizt með því, að Rögnvaldur Johnsen arkitekt hafi gert 15. júní 1966 kaupsamning f. h. stefnda um kaup hans á tilbúnu byggingarefni af stefnanda til umrædds starfsmannahúss stefnda. Viðskiptunum hafi lokið með uppgjöri stefnanda, dags. 31. janúar 1969. Hafi það verið í þrem liðum, í fyrsta lagi eftirstöðvar skuldar frá 25. júní 1968, danskar kr. 10.895.58, upphaflega danskar kr. 20.621.36, en að frádregnum greiðslum stefnda upp í þá skuld, danskar kr. 646.50 þann 12. ágúst 1968 og danskar kr. 10.000.00 þann 28. nóvember 1968, en með á-

föllnum 9% ársvöxtum. Hafi þeir vextir verið áskildir og reiknaðir og ekki að því fundið af stefnda. Í öðru lagi efnisúttekt, afskipun frá Nyborg í október 1968, danskar kr. 4.212.50, í þriðja lagi vinnulaun sveina stefnanda, flutningur á verkfærum þeirra, ferðakostnaður þeirra frá Danmörku og heim aftur, danskar kr. 21.163.60. 20. ágúst 1969 hafi borizt bréf frá stefnda, kvartanir vegna galla og tilmæli um, að eftirstöðvarnar yrðu felldar niður. Bréfi þessu hafi stefnandi svarað 24. ágúst 1971. Hafi talið kvartanir mörgum árum of seint fram komnar, mótmælin auk þess ekki á rökum reist og ítrekað kröfur sínar um greiðslu eftirstöðvanna. Kröfubréfi lögmanns stefnanda 7. apríl s.l. hafi stefndi ekki sinnt.

Stefnandi hefur lagt fram á dskj. nr. 2—19 greinargerð og ýmiss skjöl varðandi þessa kröfu.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Mál þetta er þannig vaxið, að rétt hefði verið samkvæmt 200. gr. laga nr. 85/1936 að höfða það fyrir sjó- og verzlunardómi. Vegna þessa er því af sjálfsdáðum vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur. Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Garðar Gíslason.

Dómsorð:

Máli þessu er af sjálfsdáðum vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.
